

## GJALDSKRÁ

**fyrir sorphirðu og urðun sorps í Hvalfjarðarsveit.**

1. gr.

Sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar skal, skv. 5. gr. samþykktar nr. 582/2008 um meðhöndlun úrgangs í Hvalfjarðarsveit, innheimta gjald fyrir meðhöndlun og förgun úrgangs í sveitarfélaginu.

2. gr.

Gjöldin greiðast árlega sem hér greinir:

Sumarhús (frístundahús)	15.840 kr. í sorphirðugjald
Íbúðarhúsnæði	37.775 kr. í sorphirðugjald
Íbúðir og sumarhús	3.790 kr. í sorpurðunargjald

Gjöld þessi miðast við vísitölu neysluverðs í október 2019 og uppfærast samkvæmt breytingum í janúar ár hvert, fyrst í janúar 2021 og skulu gilda þannig næsta ár.

3. gr.

Sé óskað eftir fleiri ílátum við íbúðarhús skal greiða fyrir ílát og aukaurðun fyrsta árið, þar eftir aukaurðunargjald:

Lífrænt	11.100 kr.
Flokkað	11.100 kr.
Óflokkað	11.100 kr.
Ker (aðeins í dreifbýli)	33.100 kr.

4. gr.

Ef sorpílát skemmast eða hverfa vegna þess að það hefur ekki verið gengið nægilega vel frá tunnum t.d. undir skýli eða að festingar vantar verður innheimt samkvæmt eftirfarandi:

Tunna 140 l	8.000 kr.
Tunnur 240/360 l	8.000 kr.
Ker 660 l	30.000 kr.

5. gr.

Gámastæði verða í nágrenni deiliskipulagðra frístundasvæða með yfir 20 bústöðum skv. 6. gr. reglugerðar um meðhöndlun úrgangs nr. 737/2003.

Grenndarstöð verður einnig staðsett við Melahverfi.

6. gr.

Sorphirðugjöld eru innheimt með fasteignagjöldum. Gjaldagar fasteignagjalda verða 8 talsins á mánaðarfresti, 15. hvers mánaðar, í febrúar, mars, apríl, maí, júní, júlí, ágúst og september. Fyrsti gjalddagi er 15. febrúar.

7. gr.

Gjaldskrá þessi er samin og samþykkt af sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar með stoð í 59. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur brott gjaldskrá sama efnis nr. 1125/2017.

*Samþykkt í sveitarstjórn Hvalfjarðarsveitar, 26. nóvember 2019.*

**Linda Björk Pálsdóttir** sveitarstjóri.